

## AUGLÝSING

### um friðlýsingu Vífilsstaðavatns og nágrennis í Garðabæ.

#### 1. gr.

##### *Um friðlýsinguna.*

Umhverfissráðherra hefur að tillögu Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar Garðabæjar og með samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar ákveðið að friðlýsa Vífilsstaðavatn og næsta nágrenni sem friðland í samræmi við 1. tölulið 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Við ákvörðun um friðlýsingu þessa var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeiro 1992), sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995 og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971), sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978.

#### 2. gr.

##### *Markmið friðlýsingarinnar.*

Markmiðið með friðlýsingu þessari er að vernda vatnið ásamt fjölbreyttu og gróskumiklu lífríki þess. Friðlýsingunni er ætlað að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands vatnsins og styrkja verndun tegunda og samfélagsgerðar með sérstæðum stofnum bleikju, urriða, áls og hornsíla í vatninu. Hornsílin í vatninu eru mjög sérstök þar sem þau skortir kviðgadda. Töluvert af andfuglum verpa við vatnið og mófuglar umhverfis það.

Markmið með verndun nærsvæðis vatnsins er að tryggja eðlilegt grunnvatnsstreymi til þess og viðhalda náttúrulegu gróðurfari svæðisins.


Ennfremur er það markmið friðlýsingarinnar að treysta útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.

#### 3. gr.

##### *Mörk friðlandsins.*

Friðlýsingin tekur til Vífilsstaðavatns og hlíðanna að sunnan og austanverðu upp frá vatninu upp á brún, að meðtöldu Grunnvatnsskarði. Vestur- og norðurmörk fylgja ofanbyggðarvegi og Elliðavatnsvegi, skv. samþykktu aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016.

Mörk svæðisins eru sýnd á meðfylgjandi, hnitsettu korti.



### Friðland við Vífilsstaðavatn

Friðland (188ha), Vífilsstaðavatn (27ha).

- Friðlandsmörk
- Göngustígar
- Gönguslóðar
- Akvegir
- Háspennulínur
- P Bílastæði

Afmörkun svæðis:  
(Hnit ISN-93)

- |               |            |
|---------------|------------|
| 1. X = 359528 | Y = 400515 |
| 2. X = 359296 | Y = 399939 |
| 3. X = 360171 | Y = 398875 |
| 4. X = 360536 | Y = 399424 |
| 5. X = 361030 | Y = 399779 |
| 6. X = 360699 | Y = 400297 |
| 7. X = 359941 | Y = 401027 |

## 4. gr.

*Verndun gróðurs, dýralífs o.fl.*

Óheimilt er að spilla náttúrulegu gróðurfari, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúruminum í friðlandinu.

## 5. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð.*

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatns og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar Garðabæjar. Bæjarstjórn Garðabæjar, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, sér um nauðsynlegar aðgerðir til verndunar og þess að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, t.d. með lagningu stíga, uppsetningu fræðsluskilta, bekkjum og öðrum búnaði í þágu útivistar þar sem því verður við komið. Gera skal deiliskipulag af svæðinu sem sýnir fyrirhugaðar framkvæmdir. Þrátt fyrir 1. ml. er heimilt að halda við mannvirkjum, svo sem skýli, bústað og stígum, eins og verið hefur og lýst er í verndaráætlun og deiliskipulagi.

Óheimilt er að urða sorp í friðlandinu.

## 6. gr.

*Uppgræðsla.*

Viðhalda skal náttúrulegu gróðurfari og við uppgræðslu skal tryggt að ekki sé raskað líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu. Umsjónaraðila, í samráð við Umhverfisstofnun, er heimilt að banna og uppræta framandi tegundir, svo sem alaskalúpínu (*Lupinus nootkatensis*), skógarkerfil (*Anthriscus sylvestris*) og spánarkerfil (*Myrrhis odorata*).

## 7. gr.

*Umferð í friðlandinu.*

Umferð vélknúinna ökutækja í friðlandinu er aðeins leyfð á vegum vegna þjónustu við friðlandið. Vélknúinir bátar eða sækettir eru óheimilir á vatninu. Notkun árabáta, kækjaka og hjólabáta er háð leyfi Garðabæjar. Riðandi mönnum er heimil för um svæðið eftir afmörkuðum reiðleiðum í útjæðri þess. Heimilt er að fara á reiðhjólum um friðlandið en fylgja skal vegum og stígum svo ekki hljóttist af náttúruspjöll.

Óheimilt er að vera með lausa hunda í friðlandinu.

## 8. gr.

*Veiði og notkun skotvopna.*

Stangveiði er heimiluð í Vífilsstaðavatni eins og verið hefur á tímabilinu 1. apríl til 15. september. Heimilt er að gefa leyfi fyrir dorgveiði á ís.

Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu nema til refa- og minkaveiða eða á grundvelli 5. og 7. tl. 7. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

## 9. gr.

*Umsjón friðlandsins o.fl.*

Umhverfisnefnd Garðabæjar hefur umsjón með friðlandinu. Umhverfisstofnun gerir sérstakan samning við bæjarstjórn Garðabæjar þar að lútandi, sem umhverfisráðherra staðfestir.

10. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn 4., 5., 7. og 8. gr. friðlýsingar þessarar varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sbr. lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.

11. gr.

*Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. nóvember 2007.*

**Þórunn Sveinbjarnardóttir.**

*Sigrún Ágústsdóttir.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 20. nóvember 2007